

Fundur í Skólaráði 4.12.2009

Mætt: Fulltrúi nemanda Ívar Þór Elíasson, fulltrúar foreldra; Sveinn Rúnar Jónsson og Lóa Björk Óskarsdóttir, fulltrúi starfsmanna Ingibjörg Ársælsdóttir, fulltrúar kennar; Hildur Bjargmundsdóttir og Íris Grétarsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins Björn Ingi Bjarnason og Arndís Harpa Einarsdóttir skólastjóri.

Harpa setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Farið yfir hvað gerst hefur varðandi húsnæðismál síðan á síðasta fundi. Fundað var með foreldrum um tillögur varðandi nýtingu á nýja skólanum. Ný tillaga kom fram um að krakkanir í 5.bekk klári líka 6.bekk á Stokkseyri en fari svo í 7.bekk á Eyrarbakka. Nokkrir foreldrar eru hræddir um að ef að 6. og 7.bekkur flyst yfir á Stokkseyri þá myndi byggingu nýs skóla á Eyrarbakka seinka. **Skólaráð er hlynnt því að 6. bekkur vaxi upp á Stokkseyri en að það sé skýrt að þetta sé bráðabirgðaráðstöfun og gert til að bæta aðbúnað barnanna vegna mikilla þrengsla í skólanum á Eyrarbakka. Ekki er hægt að nota börnin sem pólitískt handbendi til að þvinga fram skólabyggingu á Eyrarbakka.**
3. Til stendur að hafa litlu jólin í nýja skólanum á Stokkseyri. Mikil tilhlökkun að fá matsal og bókasafn undir sama þak og skólinn.
4. Heimsókn frá málþingi um Alþýðufræðslu á Íslandi gekk mjög vel.
5. Áfram var fjallað um mötuneytismál skólans og fram kom ósk frá fulltrúa foreldra um lausn á mötuneytismálum og fyrirspurn um hver á að koma ábendingum/óskum varðandi mötuneytið og við hvern. Ábending kom fram um að það þyrfti að vera hægt að kaupa mismunandi margar máltíðir eftir dögum.
6. Harpa las upp bréf sem hún sendi til bæjarritara vegna snjómoksturs við skólann og við stoppistöðar skólabílsins. Í svari bæjarritara kemur fram að farið sé eftir áætlun um forgang sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins og að allur mokstur fyrir skólann sé á kostnað hans. Það hefur oft skapast hættuástand fyrir börnin vegna aðstöðuleysis við biðstöðvar, sem eru aðeins merktir ljósastauar og börnin raða sér við þegar þau bíða eftir bílnum. Ekki síst í vondum veðrum og lélegu skyggni. **Skólaráð skorar á bæjaryfirvöld að koma upp biðskýlum á stoppistöðvunum til að tryggja öryggi barnanna og hreinsa snjó frá biðstöðum.** Þess má geta að sömu stoppistöðvar þjóna líka almenningsgöngum. Skólaráð mun kynna sér lög og reglugerðir varðandi snjómokstur.
7. Önnur mál. Fulltrúar foreldra vildu koma á framfæri hrósi til skólastjórnar fyrir frumkvæði og samvinnuvilja í kringum hugmyndir um nýtingu nýs skólahúss, fyrir miðstig.
8. Önnur mál. Nýting á gamla skólahúsinu. Skólavistun fer í gamla húsið. Þar verður einnig áfram kennd handavinna og heimilisfræði, enn um sinn. Stjörnusteinum verður lokað. Umræður urðu um aðstöðu fyrir nemendur og foreldra til félagsstarfs. **Skólaráð óskar í framhaldi af þeim umræðum eftir því að fá að nýta Stjörnusteina fyrir foreldra og börn til prufu fram á vor.** Foreldrafélagið myndi halda utan um starfsemina og stjórn þess bera ábyrgð á henni. Þessi starfsemi yrði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu að öðru leyti en því að halda þarf því við með rafmagni og kyndingu eins og hvort sem er þarf að gera.
9. Önnur mál. Harpa talaði um niðurskurð og kynnti niðurskurð á starfshlutfalli hjá stuðningsfulltrúum og uppsögn á ræstingu á Stokkseyri, vegna útboðs sveitarfélagsins á ræstingu í nýbyggingunni.

10. Önnur mál. Sveinn talaði um að nú væru kennarar að fara í fæðingarorlof og vildi fá að vita um verklagsreglur, hvenær á að auglýsa eftir kennara. Harpa sagði að auglýst verður eftir áramótin.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 15.

Hildur Bjargmundsdóttir ritaði fundargerð